

4. nóvember 1991

1017

Nr. 519

Hreindýraeftirlitsmenn skulu senda veiðistjóra skýrslu um veiðarnar eigi síðar en viku
eftar að veiðitíma lýkur, sbr. 1. mgr. 6. gr.

9. gr.

Óheimilt er að hafa hreindýrakjöt til sölu nema það hafi verið skoðað og metið af
~~dýralækn.~~ sbr. ákvæði laga nr. 30/1966 um meðferð skoðun og mat á sláturafurðum.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og
eftrlit með þeim, svo og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954, sbr. og 7. gr. laga nr. 47/1990.
þá meðferð að hætti opinberra mála.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 355/1991, um
hreindýraveiðar árið 1991.

11. gr.

Umhverfisráðuneytið, 4. nóvember 1991.

Eiður Guðnason.

Páll Lindal.

33

31. október 1991

REGLUR

um innflutning, framleiðslu og dreifingu leikfanga úr blýi.

1. gr.

Óheimilt er að flytja inn. framleiða eða dreifa með nokkrum hætti leikföngum úr blýi eða
efnum, sem innihalda blý, s.s. í málningu eða litum, nema með leyfi Hollustuverndar ríkisins.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal bundið við nafn og einkanot umsækjanda. Umsækjandi skal vera
fullra 18 ára gamall og ber hann fulla ábyrgð að reglum þessum sé hlýtt.

3. gr.

Blýhlutirnir mega ekki fara til dreifingar, hvorki til láns, gjafa né sölu.

4. gr.

Þegar blýhlutirnir hafa lokið hlutverki sínu skal leyfishafi koma þeim í viðurkennda
efnamóttöku, þannig að þeir valdi hvorki skaða á fólkni né umhverfi.

5. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni,
öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglysing nr. 16/1940 um bann gegn
leikföngum úr blýi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. október 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.
B 72